

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m³

Heimæðargjald

Allt að 400kr. 24,300,00.

400— 2 000kr. 24 300,00 fyrir 400 m³ + 19,30 kr/m³ þar yfir.

2 000— 6 000kr. 55 200,00 fyrir 2 000 m³ + 16,40 kr/m³ þar yfir.

6 000—10 000kr. 121 000,00 fyrir 6 000 m³ + 14,60 kr/m³ þar yfir.

meira en 10 000kr. 179 000,00 fyrir 10 000 m³ + 12,70 kr/m³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 3 650,00

b. fyrir mæli allt að $1\frac{1}{2}$ " kr. 7 300,00

c. fyrir mæli allt að 3" kr. 14 600,00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1774 stig.

13. gr. 3. málsg. orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 296,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Óski húseigandi þess getur hann fengið keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennismæli kr. 29,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofu- húsnæði 0,7 l/mín fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín fyrir hverja 100 m³.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 660,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framan- greindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með 3/4"	113,00
b) Fyrir mæla 1" til 2"	226,00
c) Fyrir mæla 3" eða stærri	453,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álesturum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 133,00.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp- hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ kr. 45 900,00.

Fyrir hús stærri en 400 m³ kr. 45 900,00 að viðbættum kr. 35,10 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús, sem eru með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimæðagjöldum, sem hér segir:

a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e. greiða skal kr. 36 700,00 fyrir hvert hús auk kr. 28,20 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsöfnum er veittur 50% afsláttur þ. e. greiða skal kr. 22 900,00 fyrir hvert hús auk kr. 17,60 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 670,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 667,00 fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 200,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1983 (1774 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 119 28. febrúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.